

Fundur 19.4.2021 Sigurður Ingvarsson

Komið þið sælir allir.

Komdu blessaður:

Gleður það mig að komast í samband við ykkur. Ætlaði ég að koma fyrr, en hefur það verið ýmislegt sem hefur hamlað og hindrað.

Og þykir mér það merkilegt ef mér tekst að koma fram erindi mínu. Er ég ekki vanur að koma í slík sambönd og verð ég að hafa erindi mitt stutt þar sem aðrir bíða.

Var ég hvattur til að tala við ykkur og veit að einhverjir hefðu beðið eftir að ég talaði við ykkur.

Allt er þetta með furðulegum hætti. Þótt ég hafi fræðst um þetta á jörðinni og er þakklátur að hafa þekkt undirstöðu atriði þessa máls, þá er alltaf eitthvað sem kemur á óvart.

Ég veit að mörgum finnst þetta ótrúlegt. Og fólk sem ekki hugsar um þessi framlífsmál og andlegu hluti dags daglega eiga kannski erfitt með að trúa þessu.

En stórkostlegt er að upplifa þetta og hitta framliðna ættingja í framlífi og njóta samvista við þá en allt af saknar maður gömlu jarðarinnar og fjölskyldunnar, ættingja og vina.

Og er aldrei er hægt að tjá það til fulls hversu stórkostlegt þetta er og furðulegt ferðalag.

Vona ég að ég geti sagt til mín og lýst þessu örlítið betur áður en ég slít sambandi við ykkur.

Heitir þú Sigurður?

Já.

Ingvarsson?

Já, það er rétt þakka þér fyrir.

Vertu velkominn.

Þakka þér fyrir að aðstoða mig.

Við áttum von á þér.

Já, ég bið að heilsa öllum vinum, fjölskyldunni og það hjálpar mér mikið að fá nafnið í gegn.

Já. Já.

Það er greinilegt að það hefur verið vel undirbúið og þeir vita það sem stjórna samböndum þegar reynt er að koma okkur í gegn.

Ég hef verið að stunda útivist með föður mínum og móðir stundum komið með og fjallgöngur styrkja þennan nýja líkama.

Og ég kann ekki alveg á orkuna, en það er ekki talið ráðlegt að fara í mörg umfjöllunar efni í einu, verð kannski að koma síðar ef þetta gengur ekki vel.

En ég vildi fjalla um það í örfáum orðum að farartækin á þessum hnetti eru vissulega mörg og merkileg og ekki öll af sama tagi, mörg sem svífa.

En þar sem orkan er ekki nægileg eru bílar með gamla laginu með hjól eins og ég starfaði við.

Já, dekk.

Já, ég vil senda kærar kveðjur til fjölskyldu og vina og vona það þau sýna þessu áhuga eins og pabbi er allur að vinna í ennþá og vill endilega að sem flestir í fjölskyldunni sýni þessu áhuga.

Og það er svo margt sem ég vildi segja en þetta er, ég kem síðar, það er eitthvað sem ég vildi segja.

Þau eru samrýmdari en áður, foreldrar mínir og já margt hægt að segja af því.

Ég þakka fyrir, það var reynt að hjálpa mér, meðan veikindin stóðu yfir.

Er orðinn öflugur hér í framlífi og kom mér á óvart að sumu leiti en ekki að öllu leiti.

Ég mun segja frá þessu öllu betur síðar en þakka ég fyrir góðar viðtökur er hér allur hinn hressasti og vil hvetja syni mína að sýna þessu áhuga og sendi þeim mínar bestu kveðjur.

Verið þið sælir að sinni. Reyni að koma aftur síðar.

Já vertu velkominn.

Já vertu blessaður Sigurður.